



Svífðu, litla, létta blað ...

4. tbl., 2. árg., apríl 2013

Málproskapróf

Núna í apríl fékk ég lánað sænskt málproskapróf sem hefur verið notað til að skoða stöðu annars máls hjá nemendum. Efnið er myndrænt og hentar líka í vinnu með leikskólabörnum. Aðferðin byggir á því að barnið horfir á mynd og kennari spyr spurninga um myndina (orðaforði og framburður), kennari notar ófullkomnar setningar sem barnið á að ljúka við og eins er hægt að spyrja opinna spurninga til þess að örva tjáningu og frásögn. Prófið reynir líka á fleirtölumyndun orða, hugtök um staðsetningu (fyrir framan, inni í, bak við) og fleira í þeim dúr. Þetta efni er nefnt Lundamaterialet og var gefið út endurskoðað árið 2012 en kom fyrst út 1975. Ég er búin að panta eitt eintak sem vonandi berst okkur áður en langt um líður.

Majówka - pólsk vorhátíð

Þann 1. maí verður pólsk vorhátíð haldin í Kjarnaskógi og eru pólskar fjölskyldur hvattar til að mæta og eiga ánægjulega stund saman.

Majówka var upphaflega kirkjuhátíð tengd lofgjörð til Maríu guðsmóður en í maímánuði er hefð fyrir því að biðja sérstaklega til Maríu meyjar í lok guðspjónustu. Í Póllandi eru víða byggðar smáar kapellur (ekki hús, meira eins og trúarleg minnismerki) við vegi, þar sem stytur af Maríu mey eru jafnan til sýnis. Þær eru sérstaklega skreyttar í maí og áður fyrr átti fólk það til að safnast þar saman og biðja.



Í Póllandi eru einnig aðrar ástæður en trúarlegar fyrir því að gera sér glaðan dag um mánaðamót apríl—maí og í dag hafa þær ekki síður gildi en þær trúarlegu.

1. maí er auðvitað alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins og er haldinn hátíðlegur sem slíkur, þó svo hann sé litinn neikvæðari augum af sumum vegna minninga um kommúnistastjórn landsins.



2. maí er svokallaður „Fánadagur“ („Flag of the Republic of Poland Day“/„Dzień Flagi Rzeczypospolitej Polskiej“) en þann dag var pólski fáninn dreginn að húni í fyrsta skipti í langan tíma eftir að heimsstyrjöldinni síðari lauk, 1945.

3. maí er svo „Stjórnarskrárdagur“ en stjórnarskráin var samþykkt 3. maí 1791 og var sú fyrsta sinnar tegundar í Evrópu og fylgdi fast á hæla þeirrar bandarísku frá árinu 1787 (upplýsingar og mynd: Eva María Ingvadóttir).

Heimasíðan — nýjustu viðbætur

Það sem er nýjast núna á heimasíðunni er nýr flipi sem nefnist **Kveðjur** en þar er að finna kveðjur eins og góðan dag, takk fyrir daginn og velkomin í skólann á ýmsum málum.

Undir flipanum **Námsefni** er nú hægt að finna 150 algengustu orðin sem Rannveig í Oddeyrarskóla er búin að búa niður til lestraræfinga. Undir sama flipa er nú einnig kominn seinni hluti bókarinnar **Lífheimurinn** með tailenskum hugtakaskýringum. Þessi hluti, með pólskum skýringum, verður settur inn mjög fljótlega.

Á forsíðunni er líka pistill um mikilvægi **orðaforða** og tengill inn á orðaforðalista sem gaman er að skoða með nemendum, t.d. í enskukennslu en þar reynir á fjölpættan skilning á einstökum orðum.

Með góðum óskum um gleðilegt sumar!

Bestu kveðjur, Helga

